

96

10. des.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum milli Péturs Benediktssonar, sendiherra Íslands í París, og Roberts Schumans, utanríkisráðherra Frakklands, var hinn 17. nóvember 1952 gert samkomulag um framlengingu viðskiptasamningsins milli Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951, er gildi til 31. marz 1953.

Samkvæmt samkomulagi þessu er heimiluð sala til Frakklands á ofangreindu tímabili á fiski frá Íslandi, nýjum og frystum, fyrir 200 milljónir franskra franka og á ýmsum öðrum vörum, svo sem niðursuðuvörum, lýsi og frystum hrognum, fyrir 25 milljónir franskra franka.

Af þeirri 25 milljóna franka upphæð er 10 milljóna franka kvóti fyrir sjálft Frakkland miðað við tímabilið 1. október 1952 til 31. marz 1953, 10 milljóna franka kvóti fyrir Norður-Afríku og 5 milljóna franka kvóti fyrir nýlendur Frakka, en þeir kvótar miðast við tímabilið 1. desember 1952 til 31. marz 1953.

Ríkisstjórn Íslands á samkvæmt samkomulaginu að leitast við að koma á jafnvægi í viðskiptum Íslands og Frakklands og á sérstaklega að taka til velviljaðrar athugunar beiðnir um innflutningsleyfi fyrir áfengi og hjólbörðum frá Frakklandi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. desember 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

97

22. des.

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Fé þetta skal endurlána Lánadeild smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.